

ERINDISBRÉF

Vinnuhópur um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Búðardal

1. gr.

Atvinnumálanefnd skipar fjóra fulltrúa til að halda utan um vinnu við undirbúning fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Búðardal. Hópurinn tekur til starfa í byrjun apríl 2023 og er áætlað að hann ljúki störfum 1. nóvember 2023.

2. gr.

Atvinnumálanefnd skipar í hópinn samkvæmt bókun frá 230. fundi sveitarstjórnar (sjá dagskrárlið 2). Fulltrúar atvinnumálanefnd verði formaður og einn fulltrúi úr nefndinni að auki. Kallað er eftir áhugasömum aðilum og tveir fulltrúar valdir til starfa úr þeim hóp.

3. gr.

Hópurinn starfar undir atvinnumálanefnd Dalabyggðar og sinnir formaður nefndarinnar starfi formanns vinnuhópsins. Umsjónarmaður framkvæmda hjá Dalabyggð og ráðgjafi SSV starfa með hópnunum. Umsjónarmaður sér um að færa fundargerðir í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir.

4. gr.

Hlutverk vinnuhópsins er:

- að eiga samtal við áhugasama byggingaraðila/kaupendur að atvinnuhúsnæði
- framkvæma þarfagreiningu út frá samtölum, fundum og gögnum
- taka saman gögn um framkvæmdarsvæðið
- safna upplýsingum um mögulegar útfærslur framkvæmda og mismunandi byggingar
- safna upplýsingum um mögulegan kostnað út frá þarfagreiningu
- gera tillögu að nýtingu fjármuna í samræmi við 5. gr. þessa erindisbréfs

5. gr.

Verkefnið um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Búðardal hefur fengið styrk úr verkefninu C1 sem er hluti af byggðaaáætlun, samtals 5. m.kr. Styrkurinn er greiddur út til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) samkvæmt samningi þar um. SSV greiðir styrkinn áfram til Dalabyggðar. Með hliðsjón af umsókn SSV um styrkveitinguna mun vinnuhópurinn gera tillögu að því hvernig þessum fjármunum verði varið. Tillaga hópsins verður síðan lögð fyrir sveitarstjórn Dalabyggðar.

6. gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt reglum um þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins Dalabyggðar. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að sex sinnum á starfstímanum. Áætlað er að hópurinn ljúki vinnu sinni fyrir 1. nóvember 2023 og skili tillögu til byggðarráðs ekki seinna en 15. nóvember 2023.